

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 29. september 2025 kl. 13:00 var haldinn 368. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Davíð Sigurðsson í fjarveru Guðveigar Eyglóardóttur. Valgarður tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 25.09.2025, lagt fram, auk gagna sem afhent voru stjórn á milli funda.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF367 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Klukkan 13:14 kynnti Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála fjárhagsspá Orkuveitunnar 2026-2030 ásamt greinargerð. Umræður. Afgreiðslu fjárhagsspár frestað til aukafundar, sem haldinn verður mánudaginn 6. október nk. kl. 13. Áhættuskýrsla, dags. 19. september 2025, lögð fram.

Klukkan 14:20 mætti Eiríkur Hjálmarsson sjálfbærnistjóri til fundarins og kynnti mat Reitunar á ófjárhagslegri upplýsingagjöf Orkuveitunnar.

4. Klukkan 14:39 mætti Elín Björk Böðvarsdóttir, leiðtogi stefnu og árangurs til fundarins. Elín Björk lagði fram og kynnti langtíma mælikvarða Orkuveitunnar og nýja nálgun að rýni stuðningsstefna. Stjórn gerir ekki athugasemdir við vegferðina.

HLÉ

5. Klukkan 15:25 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og tækni og gerði grein fyrir tilkynningu sem barst úr uppljóstrunargátt. Umræður. Stjórn samþykkir að upplýsa stjórn Veitna um þann hluta erindisins sem snýr að fyrirtækinu. Auk þess að senda innri endurskoðun þær upplýsingar sem teknar hafa verið saman í tilefni ábendingarinnar og óska eftir fundi um málið með innri endurskoðun í kjölfarið.
6. Lögð fram skýrsla um hringrásarhagkerfi og tillögur starfshóps. Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar og fá kynningu Veitna um hvernig fyrirtækið hyggst halda á þeim verkefnum sem beint hefur verið að því.
7. Lagt fram yfirlit um rekstraráhættur fyrir septembermánuð og skýringar á breytingum.

8. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 25. september 2025 lagt fram.
9. Dótturfélög. Eftirfarandi stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda lagðar fram til upplýsingar:

Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 25.09.2025.

Fundargerð stjórnarfundar Veitna 170 dags. 21.08.2025

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr. 242 dags. 22.08.2025.

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 26.09.2025.

Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 24.09.2025.

Fundargerð stjórnarfundar ON 78 dags. 20.08.2025

10. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 29.09.2025. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:43

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. október 2025.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason

Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðsson